

Almennur fundur um atvinnumál á Vestfjörðum, haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði 30. apríl 2011

ályktar eftirfarandi um fjármagn og fjárfestingar:

- Sjá til þess að bankastofnanir sem ríkið á hlut í eða að fullu verði með sjálfstæða aðila staðsetta innan hvers fjórðungs sem hafa vald til að taka ákvarðanir í málefnum svæðisins, þannig að það verði virk nærþjónusta þar sem aðilar þekki staðhætti í hverju máli fyrir sig.
- Leiðréttu það óréttlæti sem fylgir því að við leiðréttingu lána á skuldumvafin heimili sé verið að miða við fasteignamatsverð eigna en ekki raunvirði eigna.
- Breyta þarf lögum þannig að tryggingarfélög geti ekki komið sér undan því að greiða réttlátar bætur fyrir tjón sem aðilar verða fyrir út á landi með því að koma með endurmat eftirá.
- Skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir aukinni áherslu á lengra komin nýsköpunarverkefni á Vestfjörðum og beita orku og fjármagni sem liggur í stuðningsstofnunum og nýsköpunarsjóðum til að styðja við bakið á þeim. Þannig mætti auka samkeppnishæfni Vestfjarða, fjölga störfum og auka fjölbreytni atvinnulífs til skemmri og lengri tíma.